

# EFNISTAKA ÚR HÁUHNÚKUM VIÐ VATNSSKARÐ Í GRINDAVÍKURBÆ

## Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

### HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Fyrirhuguð framkvæmd er innan Reykjanesfólkvangs sem nýtur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og auglýsingu nr. 520/1975.

Skipulagsstofnun telur að mestu umhverfisáhrif efnistökkunnar úr Háuhnúkum verði sjónræn sem og áhrif á landslag og jarðmyndanir. Sjónræn áhrif verði talsvert til verulega neikvæð og áhrif á landslag og jarðmyndanir talsvert neikvæð.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun, loftgæði, grunn- og neysluvatn, hljóðvist, umferðaröryggi og fornleifar verði ekki veruleg.

Skipulagsstofnun telur að staðbundin áhrif á gróður verði verulega neikvæð í ljósi þess að jarðvegi verður rutt af efnistökusvæðinu og töluverð óvissa er um hvernig landnám og framvinda náttúrulegs gróðurs mun ganga að frágangi loknum. Á framkvæmdasvæðinu er hins vegar hvorki um stór samfelld jarðvegssvæði né sjaldgæfar tegundir að ræða og áhrifin á svæðisvísu því ekki veruleg. Bent er á að haft verði samráð við Grindavíkurbæ, Umhverfisstofnun og stjórn Reykjanesfólkvangs um landmótun og uppgræðslu við frágang svæðisins.

Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögun og mótvægisáðgerðum sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum á rekstartíma.

---

1	INNGANGUR .....	3
1.1	ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR .....	3
1.2	GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR .....	3
2	FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ .....	4
3	NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM .....	4
3.1	ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG .....	4
3.1.1	Sjónræn áhrif og áhrif á landslag .....	4
3.1.2	Áhrif á verndarsvæði og útivist .....	5
3.1.3	Áhrif á landnotkun .....	6
3.1.4	Áhrif á loftgæði .....	7
3.1.5	Áhrif á hljóðvist .....	7
3.1.6	Áhrif á umferðaröryggi .....	7
3.2	ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR .....	8
3.3	ÁHRIF Á NÁTTÚRUFAR .....	8
3.3.1	Áhrif á vatnafar/vatnsgæði .....	8
3.3.2	Áhrif á gróður .....	9
3.3.3	Áhrif á jarðmyndanir .....	9
4	STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA .....	10
5	NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR .....	10

## 1 INNGANGUR

### 1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 2. mars 2009 sendi Mannvit verkfræðistofa, fyrir hönd Alexanders Ólafssonar ehf., frummatsskýrslu um efnistöku úr Háuhnúkum við Vatnsskarð í Grindavíkurbæ (Vatnsskarðsnámu) til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 6. mars 2009 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 9. mars til 20. apríl 2009 á bæjarskrifstofum Grindavíkur og Hafnarfjarðar í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: [www.mannvit.is](http://www.mannvit.is). Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Grindavíkurbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Reykjanesfólkvangs og Umhverfisstofnunar. Á kynningartíma barst Skipulagsstofnun ein athugasemd. Skipulagsstofnun sendi umsagnir og athugasemd til Mannvits verkfræðistofu.

Þann 28. júlí 2009 sendi Mannvit verkfræðistofa, fyrir hönd Alexanders Ólafssonar ehf. matsskýrslu um efnistöku úr Háuhnúkum við Vatnsskarð í Grindavíkurbæ (Vatnsskarðsnámu) til Skipulagsstofnunar og óskað eftir álitum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

### 1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

**Frummatsskýrsla.** Efnistaka úr Háuhnúkum við Vatnsskarð í Grindavíkurbæ (Vatnsskarðsnáma). Mars 2009.

**Önnur gögn:** Sérfræðiskýrslur.

Vatnsskarðsnáma-Jarðfræði, verndargildi og efnistökuáætlun. Eiríkur Freyr Einarsson, jarðfræðingur og jarðverkfræðingur. 03. júní 2008.

Gróðurkönnun á framtíðarefnistökusvæði í Vatnsskarðsnámu. Jóhanna B. Weishappel, líffræðingur, M.Sc.

Fornleifar innan úttekarsvæðis. Fornleifastofnun Íslands. 16. júní 2008.

Áhrifasvæði Vatnsskarðsnámu. Verkfræðistofan Vatnaskil. 15. september 2008.

#### Umsagnir bárust frá:

- Grindavíkurbæ með bréfi dags. 25. maí 2009.
- Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 14. apríl 2009.
- Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 30. mars 2009.
- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 10. mars 2009.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 2. apríl 2009.
- Stjórn Reykjanesfólkvangs með tölvubréfi dags. 20. apríl 2009.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 24. mars 2009.

#### Athugasemdir bárust frá:

Ein athugasemd barst á kynningartíma

- Jón Lárusson, f.h. eigenda lögbýlisins og jarðarinnar Selskarðs, með bréfi dags. 15. apríl 2009.

**Matsskýrsla:** Efnistaka úr Háuhnúkum við Vatnsskarð í Grindavíkurbæ (Vatnsskarðsnáma). Júlí 2009.

Svar Mannvits verkfræðistofu við fyrirspurn Skipulagsstofnunar, tölvupóstur 25. ágúst 2009.

## 2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að til þessa hafi magn efnis sem tekið hafi verið úr Vatnsskarðsnámu ár hvert haldist í hendur við ástand efnahagslífs í landinu og verkefnastöðu verktaka hverju sinni. Undanfarin ár hafi yfirleitt verið teknir um 600-800.000 m<sup>3</sup> á ári. Búist sé við að fyrirhuguð efnistaka verði um 1.000.000 m<sup>3</sup> á ári. Út frá þeim forsendum hafi efnispörf næstu 25 árin verið áætluð 20.000.000-25.000.000 m<sup>3</sup>. Núverandi stærð efnistökusvæðisins sé um 28 ha og efnistökuáætlun geri ráð fyrir að á 25 árum stækki það um 53 ha eða í um 81 ha. Utan við sjálft efnistökusvæðið geti jarðrask orðið á svæði sem nái allt að 100 m út frá jöðrum þess.

Efnisnám fari fram með þeim hætti að efni ofan á fjallinu sé rifið upp með stórum járnfleyg sem festur er aftan í jarðýtu en stundum sé sprengt þar sem mjög harðir eitlar séu fyrir. Efninu sé síðan síðan ýtt fram af fjallinu og í fallinu brotni efnið enn frekar. Stór hluti efnisins sé seldur úr námunni sem óunnið bögglaberg en hluti sé unninn frekar. Fjöldi ferða vörubifreiða með efni úr námunni hafi verið á bilinu 150-200 á dag og sé gert ráð fyrir að verði óbreytt.

Fram kemur að við fyrirhugaða efnistöku muni djúp geil myndast smám saman í móbergshálsinn en erfitt sé á þessu stigi að gera grein fyrir frekari áfangaskiptingu efnistökkunnar.

Áformað sé að líkja sem mest eftir landformum í nágrenninu án áberandi manngerðra forma og skeringarstála. Fláar verði ekki hafðir brattari en 1,5:1 eða svipaðir og skriður gerast brattastar í öröskuðu landi. Í sendnum, fínefnaríkum efnishaugum verði fláar ekki brattari en 3:1 til að koma í veg fyrir vatnsrof eða aurskrið. Ónothæft fyllingarefni af fyrirhuguðu efnistökusvæði verði haugsett uppi á fjallinu, innan námusvæðisins og notað við frágang svæðisins og landmótun á þann hátt að það falli vel að umhverfinu. Á sama hátt verði gerðar jarðvegsmanir við vinnslusvæðið neðan fjallsins er byrgi innsýn meðan á vinnslu standi, en verði jafnaðar út þegar vinnslan hætti. Þegar frágangi á yfirborði svæðisins verði lokið muni fara fram aðgerðir til að flýta fyrir endurheimt náttúrulegs gróðurs.

Í matsskýrslu kemur fram að tilgangur framkvæmdarinnar sé að tryggja rekstur Alexanders Ólafssonar ehf. til næstu 25 ára. Áframhaldandi efnistaka og stækkun námunnar sé í samræmi við stefnu Grindavíkurbæjar í Aðalskipulagi þess 2000-2020 og stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun, um að hafa námur færri, stærri og á afmörkuðum svæðum.

## 3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

### 3.1 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

#### 3.1.1 Sjónræn áhrif og áhrif á landslag

Náman er í löngum og mjóum móbergshálsi sem liggur frá Krýsuvíkur-Mælifelli, suðvestan við Kleifarvatn, með norðaustur stefnu að Helgafelli. Hálsinn er tæplega 20 km langur og að jafnaði rúmur 1 km á breidd. Áhrif námunnar á landslag eru nú þegar töluverð. Til mógvægisadgerða eru talin áform um að ganga vel frá svæðinu svo að það skeri sig ekki úr umhverfinu. Lögð verði áhersla á að líkja sem mest eftir

landformum í nágrenninu, sem eru án áberandi manngerðra forma og skeringarstála og miðað að því að náttúrulegur gróður nemi smátt og smátt land svo að gróðurfar á svæðinu verði komið í jafnvægi eftir nokkur ár. Mögulega verði gróðursettar birkiplöntur á svæðinu í takt við birkivaxið svæði í Undirhlíðum. Manngerðar grasi grónar manir framan við efnistökusvæðið verða jafnaðar út. Niðurstaða framkvæmdaraðila er að fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir muni milda neikvæð áhrif af efnistökkunni á þann hátt að dældin sem myndast í móbergshálsinn falli vel að svæðum í nágrenninu með mjúkum línum án manngerðra forma. Þrátt fyrir mótvægisáðgerðirnar séu áhrif af fyrirhugaðri efnistöku á landslag og sjónræna þætti talin verða talsvert neikvæð og varanleg séð frá nærliggjandi svæðum vestan, suðvestan og austan við.

Hafnarfjarðarbær tekur undir þá niðurstöðu frummatsskýrslunnar að áhrif á landslag séu verulega neikvæð en fallast megi á að boðaðar mótvægisáðgerðir dragi úr neikvæðum áhrifum. Æskilegt hefði þó verið að skoða áhrif á landslag og sjónræn áhrif frá fleiri sjónarhornum.

Í matsskýrslu kemur fram að í frummatsskýrslu voru sjónræn áhrif sýnd frá þremur sjónarhornum og í matsskýrslunni er bætt við ásýnd úr Breiðdal. Vegna fjarlægðar er talið að litlar breytingar muni verða á ásýnd svæðisins séð frá Kleifarvatni og því hafi ekki verið talin þörf á að sýna sjónræn áhrif þaðan.

**Skipulagsstofnun** bendir á að í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telur framkvæmdina hafa verulega neikvæð sjónræn áhrif á vinnslutíma og að þeirra muni einnig gæta að lokinni efnistöku, þrátt fyrir að vel verði staðið að frágangi og landmótun að efnistöku lokinni. Í matsskýrslunni bendir framkvæmdaraðili ekki á þessa afstöðu Umhverfisstofnunar og fékkst skýring á því með tölvupósti frá Mannviti verkfræðistofu 25. ágúst 2009 þar sem segir m.a.:

*„Við teljum ekki rétt að flokka áhrifin sem "verulega neikvæð" þar sem tilhögun vinnslunnar miðar að því að lágmarka sýn inn í námuna á vinnslutímanum. Að efnistöku lokinni eru ákveðnar áðgerðir fyrirhugaðar til að líkja sem mest eftir landformum í nágrenninu eins og lýst er á bls. 27. Þessar áðgerðir miða að því að draga úr neikvæðum áhrifum og því ekki réttmætt að flokka áhrifin sem "verulega neikvæð" sem eru hámarks neikvæð áhrif samkvæmt þeirri flokkun á vægi áhrifa sem lýst er á bls. 18.“*

Skipulagsstofnun telur að staðbundin sjónræn áhrif verði talsvert til verulega neikvæð, einkum meðan á vinnslu stendur, sem gert er ráð fyrir að verði næstu 25 ár. Áhrif á jarðmyndanir og landslag verði talsvert neikvæð. Skipulagsstofnun bendir á að góður frágangur telst ekki til mótvægisáðgerða heldur góðra vinnubragða og er góð umgengi á meðan á vinnslu stendur ekki síður mikilvæg en lokafrágangur. Tillögur framkvæmdaraðila um landmótun að efnistöku lokinni eru líklegar til að draga úr neikvæðum áhrifum en þeim tilmælum er beint til framkvæmdaraðila að endanlegur frágangur verði unnin í samráði við sveitarstjórn, stjórn Reykjanesfólkvangs og Umhverfisstofnun.

### 3.1.2 Áhrif á verndarsvæði og útivist

Í matsskýrslu kemur fram að Vatnsskarðsnáma sé innan Reykjanesfólkvangs, sem er friðlýstur, með auglýsingu nr. 520/1975, samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999. Árið 1995 hafi gönguleið um Reykjanes verið stikuð, svonefndur Reykjavegur og í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur liggja hún norðan við athafnasvæði námunnar inn á stikaða gönguleið undir Undirhlíðum. Einnig sé göngu- og reiðleið í

Breiðdal austan við Vatnsskarðsnámu og nokkrar aðrar gönguleiðir í eldhrauninu, Kapelluhrauni, vestan Krýsuvíkurvegar. Talið sé að fyrirhuguð efnistaka muni hafa óveruleg áhrif á verndargildi svæða í nágrenninu sem og Reykjanesfólkvang og hafi óveruleg áhrif á möguleika fólks til að stunda útivist á aðliggjandi svæðum.

Í matsskýrslu kemur fram að Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt auglýsingu um friðlandið Reykjanesfólkvang sé jarðrask bannað nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Þó megi halda áfram þeim skipulega námurekstri, sem var til staðar innan fólkvangsins þegar fólkvangurinn var friðlýstur, sé umgengni í samræmi við lög um náttúruvernd. Að mati Umhverfisstofnunar er sá námurekstur sem stundaður hefur verið síðustu ár og áfram er fyrirhugaður er í Vatnsskarðsnámu vart sambærilegur við þann námurekstur sem stundaður var á þessu svæði þegar fyrirnefnd auglýsing birtist. Tækjakostur jarðverktaka sé annar og stórvirkari nú en hann hafi verið árið 1975 og einnig hafi eftirspurn eftir efni aukist stórlega. Því megi ætla að umfang efnistöku sé mun meira en menn gátu gert sér í hugarlund að gæti orðið í framtíðinni árið 1975 þegar friðlýsingin komst á.

Framkvæmdaraðili bendir á að efnistaka í Vatnsskarðsnámu hafi hafist löngu áður en Reykjanesfólkvangur var friðlýstur og því hafi hann metið það svo að ekki þyrfti að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar fyrir frekara jarðraski. Bent er á að stjórn Reykjanesfólkvangs, sem sé umsagnaraðili, geri engar athugasemdir við stækkun efnistökusvæðisins. Skýringin sé væntanlega sú að engir árekstrar hafi orðið á milli rekstraraðila námunnar og stjórnar fólkvangsins auk þess sem stærð fyrirhugaðs efnistökusvæðis (81 ha) sé lítil samanborið við stærð Reykjanesfólkvangs (30.000 ha).

**Skipulagsstofnun** tekur undir sjónarmið Umhverfisstofnunar um að þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að starfrækja megi áfram námurekstur sem var til staðar þegar auglýsing um Reykjanesfólkvang var birt, eigi umfang fyrirhugaðarar efnistöku og lengd vinnslutíma ekki við í fólkvanginum og rýri verndargildi svæðisins. Skipulagsstofnun telur í því ljósi að framkvæmdin muni hafa talsverð neikvæð umhverfisáhrif innan Reykjanesfólkvangs, m.t.t verndargildi svæðisins. Á móti kemur að efnistakan er í samræmi við það markmið stjórnvalda að hafa efnisnámur fremur fáar og stórar í stað margra minni náma og ekki liggur fyrir betri kostur til hliðstæðrar efnisvinnslu á sunnanverðu höfuðborgarsvæðinu.

### 3.1.3 Áhrif á landnotkun

Í matsskýrslu kemur fram að Jón Lárusson f.h. eigenda lögbýlisins og jarðarinnar Selskarðs vekji athygli á að jörðin Selskarð á beitarrétt á því svæði sem um ræðir við Vatnsskarð. Áform hafi verið um það hjá eigendum beitarréttar að nýta eignarrétt sinn til atvinnu á þessu svæði, í samræmi við nútíma hestamennsku og sívaxandi hestasport á höfuðborgarsvæðinu. Farið er fram á það að við mat á umhverfisáhrifum verði gætt að atvinnu- og eignarréttindum á svæðinu.

Framkvæmdaraðili bendir á í matsskýrslunni að hér sé um að ræða athugasemdir um skipulagsmál á fyrirhuguðu efnistökusvæði, sem ætti að gera á skipulagsstigi en umrætt svæði sé skilgreint sem efnistökusvæði í tillögu að breyttu aðalskipulagi Grindavíkur. Framkvæmdaraðili ítrekar þó mat sitt sem fram kemur í matsáætlun að efnistaka í Vatnsskarðsnámu komi ekki til með að skerða hagsmuni eigenda Selskarðs þar sem um sé að ræða svæði sem að mestu er þakið mól og stórgrýti enda jarðvegur líttill.

**Skipulagsstofnun** telur umfjöllun um landnotkun og áhrif framkvæmdarinnar á hana fullnægjandi. Stofnunin bendir á að ákvarðanir um landnotkun eru teknar af sveitarstjórn við gerð skipulagsáætlana.

### 3.1.4 Áhrif á loftgæði

Í matsskýrslu kemur fram að efnistöku fylgi rykmengun og samhliða stækkun efnistökusvæðisins sé hættu á að hún aukist. Svifryk (þvermál agna undir 10 µm) og þá einkum finni hluti þess (þvermál agna 2,5 µm), geti ógnað heilsu manna og auk þess geti því fylgt ýmis skaðleg mengunarefni á borð við olíuefni, sem geti borist ofan í lungu. Einnig sé hættu á neikvæðum áhrifum á loftgæði, á og í nágrenni efnistökusvæðisins vegna mengunarefna frá vinnuvélum, þungavinnuvélum og öðrum ökutækjum. Til að minnka fok lausra jarðefna af efnistökusvæðinu verði yfirborð þjappað jafnóðum á svæðum þar sem efnistöku sé lokið og á vinnslutímanum sé gert ráð fyrir að höft sitt hvorum megin við námuna komi að hluta í veg fyrir að laus jarðefni fjúki burt af svæðinu.

**Skipulagsstofnun** telur umfjöllun um loftgæði og áhrif framkvæmdarinnar á þau fullnægjandi. Stofnunin telur að neikvæð áhrif áframhaldandi efnistöku á loftgæði verði helst ef rykmengun kemur til með að aukast. Ólíklegt er að ryk verði stöðugt til vandræða en við óhagstæð veðurskilyrði, einkum þurrviðrisstorma, kann að fjúka úr fersku stáli og fínefnahrúgum. Skipulagsstofnun telur hins vegar ekki líklegt að loftgæði rýrni merkjanlega, enda miðar tilhögun framkvæmdaraðila við að lágmarka fokhættu. Skipulagsstofnun telur að loftmengun frá vinnuvélum og flutningabílum breytist óverulega. Áhrif framkvæmdarinnar á loftgæði verði ekki veruleg.

### 3.1.5 Áhrif á hljóðvist

Í matsskýrslu kemur fram að Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja bendi á að í júlí á síðastliðnu ári hafi komið út ný reglugerð um hávaða þar sem segi m.a.: „*Svæði sem er ætlað til útivistar og afmarkað er í skipulagi, sbr. 3. mgr. 9.gr. reglugerðar um kortlagningu hávaða, nr. 1000/2005.*“ Með tilvitnun í fyrrgreind reglugerðarákvæði skuli hljóðstig utan skilgreinds námuvinnslusvæðis ekki fara yfir Lden 40 dB(A).

Framkvæmdaraðili ítrekar í matsskýrslunni að ekki er gert ráð fyrir aukningu á hljóðstigi frá því sem verið hefur, það gæti jafnvel lækkað eftir því sem farið verði innar í Háuhnúka og skermunin aukist að sunnan- og norðanverðu.

**Skipulagsstofnun** telur umfjöllun um hljóðvist og áhrif framkvæmdarinnar á hana fullnægjandi. Neikvæð áhrif hávaða frá efnisvinnslu og flutningum, á útivist verði ekki veruleg.

### 3.1.6 Áhrif á umferðaröryggi

Í matsskýrslu kemur fram að öryggismál í tengslum við flutninga hafi ekki verið skoðuð sérstaklega en hættu fyrir umferð af flutningum úr námunnunni sé óveruleg og ekki talin aukast þar sem gert sé ráð fyrir svipuðum fjölda vörubifreiða til og frá námunnunni og undanfarin ár.

Hafnarfjarðarbær ítrekar athugasemd sína sem gerð var við tillögu að matsáætlun um hvort ástæða sé til að skoðuð verði áhrif þungaflutninga á öryggi vegfarenda við gatnamót Krýsuvíkurvegar og námuvegar, vegna grjótkasts frá flutningabílum og malar og grjóts sem hrynji af þeim á Krýsuvíkurveg og valdi hættu fyrir umferð. Telur bærinn nauðsynlegt að þetta þurfi að skoða og að mótvægisáðgerðir verði skilgreindar.



Framkvæmdaraðili telur áhrif þungaflutninga óveruleg þar sem gert sé ráð fyrir svipuðum umferðarþunga til og frá námunni og verið hafi á undanförunum árum. Umferðaröryggi í tengslum við efnisflutninga frá námunni sé ásættanlegt.

**Skipulagsstofnun** tekur undir með Hafnarfjarðarbæ um að skoðað verði hvort grjótkast eigi sér stað frá flutningabílum er koma frá námunni inn á Krísuvíkurveg. Einnig verði kannað hvort mól og grjót hrynji af flutningabílum á leið um Krísuvíkurveg. Þá verði kannað öryggi vegfarenda við gatnamót Krísuvíkurvegar og námuvegar. Í kjölfarið verði gripið til mótvægisáðgerða eftir því sem við á, áður en nýtt framkvæmdaleyfi verður veitt.

### 3.2 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í matsskýrslu kemur fram að skráðar hafi verið fjórar vörður eða vörðubrot innan efnistökusvæðisins, ljósmyndaðar og mældar inn með GPS tæki. Vörðurnar séu hvorki fornar eða veglegar og hafi ekki hátt verndargildi auk þess sem aldur sé óviss. Áhrif á vörðurnar verði veruleg þar sem þarf að fjarlægja þær. Óskað verði eftir leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim sbr. 10. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000.

Fornleifavernd ríkisins telur fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um vörðurnar og áhrif á þær en minnir á að sótt verði um leyfi til að fjarlægja þær.

Hafnarfjarðarbær telur að æskilegt hefði verið að skoða sögulegt gildi varðanna fjögurra, þ.e. í hvaða tilgangi þær voru reistar og hvort þær hafi verndargildi af þeirri ástæðu, en ekki einvörðungu út frá aldri og útliti séð.

Framkvæmdaraðili bendir á að Fornleifavernd ríkisins telji að fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og um áhrif efnistöku á fornleifar.

**Skipulagsstofnun** telur að áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar liggja ljós fyrir og verði ekki veruleg. Um er að ræða vörður og vörðubrot, sem Fornleifavernd ríkisins telur fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um, er hafi ekki hátt verndargildi og megi fjarlægja að fengnu leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

### 3.3 ÁHRIF Á NÁTTÚRUFAR

#### 3.3.1 Áhrif á vatnafar/vatnsgæði

Í matsskýrslu kemur fram að Vatnsskarðsnáma sé á fjarsvæði vatnsverndar en ekkert yfirborðsvatn sé innan eða í grennd við hana. Samkvæmt grunnvatnslíkani er stefna grunnvatnsstraums á svæðinu til Straumsvíkur, við Vatnsskarðsnámu sé hann tæplega 0,5 m<sup>3</sup>/sek. og rúmlega 8 m<sup>3</sup>/sek úti við sjó. Ekki sé vitað um neina vatnsvinnslu úr grunnvatnsstraumnum og engin hætta talin á að efni frá Vatnsskarðsnámu berist í vatnstökuholur í Kaldárseli. Framkvæmdaraðili hafi staðið fyrir borun rannsóknar- og vöktunarholu sem sé staðsett í norðvesturjaðri núverandi efnistökusvæðis, í rennslisstefnu grunnvatns frá svæðinu og munu vöktunarmælingar fara fram í henni. Hætta sé á neikvæðum áhrifum á grunnvatn innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis vegna mengunarefna frá vélum, vörubílum og öðrum ökutækjum, sem geta borist í jarðveg og ef mengunarslys verða. Hugsanlega gætu megnunarefni síðan borist þaðan með grunnvatni í sprungur vestur af námusvæðinu og því haft áhrif á stærra svæði. Reynt verði að fyrirbyggja að olía og önnur efni úr ökutækjum og þungavinnuvélum komist í snertingu við jörð þar sem farið verður eftir kröfum í reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Einnig verði passað upp á að olía, sem geymd sé í tankbíl og í olíutönkum á birgðasvæðinu, berist ekki í jarðveg þegar fyllt sé á



tankana. Verði mengunarslys þar sem olía berst í jarðveg verði jarðveginum mokað upp eins fljótt og mögulegt er, til að hindra dreifingu olíu niður í grunnvatn. Mengaður jarðvegur verði síðan fluttur til Sorpu á Álfsnesi til urðunar eða hreinsunar með viðurkenndum hætti. Með framangreindum mótvægisáðgerðum er talið að áhrif á grunnvatn verði óveruleg. Ekki er vitað til þess að mengunarslys hafi átt sér stað í Vatnsskarðsnámu en hætta á slíku sé þó fyrir hendi. Framkvæmdaraðili muni bera ábyrgð á vöktun grunnvatns.

Í umsögn Hafnarfjarðarbæjar er bent á að tryggja þarf að fjármagn sé til staðar til að annast umhverfiseftirlit og frágang í verklok.

Framkvæmdaraðili telur athugasemd Hafnarfjarðarbæjar heyra til umfjöllunar um starfsleyfi.

**Skipulagsstofnun** telur umfjöllun um vatnafar/vatnsgæði og áhrif framkvæmdarinnar á það fullnægjandi. Til að grunnvatn spillist þarf að eiga sér stað mengunarslys, en vegna þess hve lítið er geymt af varasömum efnum á svæðinu er lítil hætta á slíku slysi. Skipulagsstofnun telur engu að síður að við útgáfu starfsleyfis verði skoðað hvort ástæða kunnri að vera til að setja í leyfið ákvæði um geymslu og meðferð hættulegra efna. Takist að lágmarka hættu á mengunarslysum telur Skipulagsstofnun að áhrif efnistökkunnar á vatnsgæði, þar með talið grunn- og neysluvatn verði ekki veruleg.

### 3.3.2 Áhrif á gróður

Í matsskýrslu kemur fram að staðbundin áhrif á gróður og jarðvegisdýr séu talin verða verulega neikvæð í ljósi þess að hluti af móbergshálsi verði brotinn niður. Ef lítið sé á verndargildi þessara þátta séu áhrifin talin óveruleg þar sem ekki er talið að þar finnist tegundir sem þykja sérstæðar, einstakar á landsvísi eða séu á valista. Að lokinni efnistöku og frágangi svæðisins verði grasfræjum og áburði dreift yfir svæðið svo að náttúrulegur gróður nái fyrr að nema þar land.

**Skipulagsstofnun** telur umfjöllun um gróður og áhrif framkvæmdarinnar á hann fullnægjandi. Stofnunin telur að staðbundin áhrif á gróður verði verulega neikvæð í ljósi þess að jarðvegi verður rutt af efnistökusvæðinu og töluverð óvissa er um hvernig landnám náttúrulegs gróðurs mun ganga að frágangi loknum. Hins vegar er ekki um að ræða stór samfelld jarðvegssvæði eða sjaldgæfar tegundir og áhrifin á svæðisvísi því ekki veruleg. Bent er á að haft verði samráð við Grindavíkurbæ, Umhverfisstofnun og stjórn Reykjanesfólkvangs um uppgræðslu við frágang svæðisins.

### 3.3.3 Áhrif á jarðmyndanir

Í matsskýrslu kemur fram að ekki gildi sérstök vernd eða friðlýsing jarðmyndana við Vatnsskarð. Bent er á að í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun og í aðalskipulagi Grindavíkurbæjar komi fram að forgangsmál sé að vernda landslag og sérstæð fyrirbæri sem eru óvenjuleg í okkar heimshluta og einkennandi fyrir landið, t.d. móbergsfjöll. Einnig komi þar fram að æskilegt sé að hafa jarðefnanámur á tiltölulega fáum og afmörkuðum svæðum þar sem fáar og stórar námur hafi minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar. Framkvæmdaraðili bendir á að efnistaka hafi átt sér stað í Vatnsskarðsnámu frá fimmta áratug síðustu aldar og því sé um að ræða raskað móbergsfjall þar sem ekki séu neinar sérstæðar jarðmyndanir og verndargildi því talið lítið. Staðbundin áhrif á jarðmyndanir eru talin verða verulega neikvæð og varanleg í ljósi þess að hluti af móbergshálsi verður brotinn niður en með

tilliti til verndargildis verði áhrifin óveruleg þar sem ekki muni fara forgörðum jarðmyndanir sem þykja sérstæðar eða einstakar á landsvísu.

**Skipulagsstofnun** tekur undir með framkvæmdaraðila og Umhverfisstofnun að efnistaka í Háuhnúkum hafi veruleg staðbundin neikvæð áhrif á jarðmyndanir þar sem verið er að raska hluta af móbergshrygg sem sérstæðri jarðmyndun og áhrifin verði varanleg.

#### **4 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA**

Breyting á Aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2000-2020 er í vinnslu og þar er efnistökusvæðið stækkað til austurs og suðurs og gönguleiðin Reykjavegur, sem lá yfir fyrirhugað stækkunarsvæði námunnar, færð norður fyrir það. Með breytingu voru norðurmörk námunnar einnig færð sunnar og er náman alfarið innan marka Grindavíkur. Framkvæmdin er í samræmi við þá stefnu í aðalskipulaginu að hafa námur í landi bæjarfélagsins færri og þá stærri sem og að vanda frágang á námum eftir að nýtingu þeirra líkur. Aðalskipulagsbreyting er gerð í samræmi við umhverfismat áætlana skv. lögum nr. 105/2006. Verið er að vinna deiliskipulag fyrir Vatnsskarðsnámu og umhverfismat þess í samræmi við ákvæði ofangreindra laga.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Grindavíkurbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 77/1997. Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út þarf Alexander Ólafsson ehf. að leggja fram áætlun um efnistöku í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 þar sem gera þarf grein fyrir magni, gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæðis. Framkvæmdin er einnig háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

#### **5 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Mannvits verkfræðistofu, f.h. Alexanders Ólafssonar ehf. sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrslan byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla framkvæmdaraðila hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir athugasemd og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatskýrslu og þeim hafi verið svarað eftir.

Fyrirhuguð framkvæmd er innan Reykjanesfólkvangs sem nýtur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og auglýsingu nr. 520/1975. Skipulagsstofnun telur að mestu umhverfisáhrif efnistökkunnar úr Háuhnúkum verði sjónræn sem og áhrif á landslag og jarðmyndanir. Sjónræn áhrif verði talsvert til verulega neikvæð og áhrif á landslag og jarðmyndanir talsvert neikvæð. Ennfremur rýri umfang fyrirhugaðarar efnistöku og lengd vinnslutímans, verndargildi svæðisins talsvert sem hluta Reykjanesfólkvangs. Til mótvægis kemur að efnistakan er í samræmi við það markmið stjórnvalda að hafa efnisnámur fremur fáar og stórar í stað margra minni náma og ekki liggur fyrir betri kostur til hliðstæðrar efnisvinnslu á sunnanverðu höfuðborgarsvæðinu. Almennt telur Skipulagsstofnun mikilvægt að efni sé tekið úr fáum stórum námum, þar sem

skipulega er gengið til verks, í stað þess að efni sé tekið úr litlum og dreifðum námum með tilheyrandi slóðagerð og öðru raski.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun, loftgæði, grunn- og neysluvatn og hljóðvist verði ekki veruleg.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar verði ekki veruleg en leyfi Fornleifaverndar ríkisins þarf til að fjarlægja vörður og vörðubrot.

Skipulagsstofnun telur að staðbundin áhrif á gróður verði verulega neikvæð í ljósi þess að jarðvegi verður rutt af efnistökusvæðinu og töluverð óvissa er um hvernig landnám náttúrulegs gróðurs mun ganga að frágangi loknum. Hins vegar er ekki um stór samfelld jarðvegssvæði eða sjaldgæfar tegundir að ræða á framkvæmdasvæðinu og áhrifin á svæðisvísu því ekki veruleg. Bent er á að haft verði samráð við Grindavíkurbæ, stjórn Reykjanesfólkvangs og Umhverfisstofnun um landmótun og uppgræðslu við frágang svæðisins.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á umferðaröryggi verði ekki veruleg. Stofnunin telur engu að síður að áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út þurfi að kanna nánar áhrif efnisflutninga á umferðaröryggi og gripið til mótvægisáðgerða eftir því sem við á.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á grunn- og neysluvatn verði ekki veruleg. Skipulagsstofnun telur engu að síður að þegar starfsleyfi verður gefið út þá verði skoðað hvort ástæða kunni að vera til að setja ákvæði um geymslu og meðferð hættulegra efna í leyfið.

Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögun og mótvægisáðgerðum sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum á rekstartíma.

Reykjavík, 31. ágúst 2009.

Rut Kristisndóttir

Þóroddur F. Þóroddsson